



Reykjavík, 2. desember 2021  
PON21110086

Til borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf við Ríkiskaup vegna kaupa á Microsoft hugbúnaðarleyfum og endurnýjunar miðlægra innviða - R21110273.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 29. nóvember þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar er varða innkaup og samstarf við Ríkiskaup.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Friðþjófur Bergmann,  
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar



Reykjavík, 2. desember 2021  
PON21110086

## Svar

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf við Ríkiskaup vegna kaupa á Microsoft hugbúnaðarleyfum og endurnýjunar miðlægra innviða - R21110273.

Á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 33. lið í fundargerð ráðsins s.d.:

*„Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir skýringum á hvernig standi á því að ekki hafi verið tekið tilboði Ríkiskaupa um þátttöku í innkaupum á hugbúnaðarleyfum frá Microsoft. Einnig spyr borgarfulltrúinn af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi ekki leitað til Ríkiskaupa vegna útboða um endurnýjun miðlægra innviða Reykjavíkurborgar. R21110273.“*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar á Þjónustu- og nýsköpunarsviði með bréfi dagsettu þann 29. nóvember 2021.

### Svar:

*Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir skýringum á hvernig standi á því að ekki hafi verið tekið tilboði Ríkiskaupa um þátttöku í innkaupum á hugbúnaðarleyfum frá Microsoft?*

Þar sem Reykjavíkurborg hefur náð að skilgreina kaup á Microsoft hugbúnaðarleyfum með nákvæmum hætti, eru Microsoft hugbúnaðarleyfi boðin út sem almennt útboð en ekki rammamningur. Starfsumhverfi Reykjavíkurborgar er þess eðlis að lítil sem engin samlegðaráhrif yrðu með sameiginlegum rammamningi þar sem töluvert er um skóla- og nemendaleyfi hjá Reykjavíkurborg en einnig vegna tímasetningar á uppgjörum og talningum á leyfum.

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur, samkvæmt Innkaupareglum Reykjavíkurborgar, yfirumsjón með ráðgjöf og þjónustu vegna innkaupa Reykjavíkurborgar og ber Innkaupaskrifstofa því ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála. Innkaupaskrifstofa veitir þjónustu og aðstoð vegna innkaupa til þeirra sem af hálfu Reykjavíkurborgar kaupa verk, vöru og þjónustu. Innkaupaskrifstofa framkvæmir í samvinnu við kaupanda öll innkaupaferli sem Innkaupareglurnar og lög nr. 120/2016 um opinber innkaup fjalla um.



Aukin áhætta fylgir því að taka þátt í rammasamningi Ríkiskaupa þar sem Reykjavíkurborg hefur ekki forræði á skilmálum samnings. Auk þess er kostnaður við þátttöku í rammasamningum 1,75% af veltu innkaupa Reykjavíkurborgar innan samnings fari kaupin í gegnum Ríkiskaup. Vinna starfsmanna Þjónustu- og nýsköpunarsviðs í tengslum við slíkan samning yrði sambærileg og ef innkaup væru gerð í gegnum Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, þ.e. vinna við undirbúning gagna, örútbodð o.fl. Á sama tíma yrði þjónusta Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna samnings Ríkiskaupa mjög takmörkuð sem myndi leiða til þess að Þjónustu- og nýsköpunarsvið þyrfti að leita til Ríkiskaupa og greiða fyrir það tímagjald. Það var mat Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hagsmunir Reykjavíkurborgar væru í þessu tilviki best tryggðir í almennu útbodði sem framkvæmt er innan Reykjavíkurborgar.

*Einnig spyr borgarfulltrúinn af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi ekki leitað til Ríkiskaupa vegna útboða um endurnýjun miðlægra innviða Reykjavíkurborgar. R21110273.*

Reykjavíkurborg er með gildandi rammasamning nr. 14534 um kaup á tölvum og netbúnaði. Samningurinn var gerður 15. júlí 2019 og gildir til 15. júlí 2023. Reykjavíkurborg hefur því skuldbundið sig til þess að kaupa á grundvelli þess samnings út gildistímann. Þá er ekki í gildi rammasamningur um einstakar hugbúnaðarlausnir hjá Ríkiskaupum nema heildrænar lausnir eins og Microsoft.

Að öðru leyti er vísað til svarsins að ofan hvað varðar samanburð á innkaupum innan Reykjavíkurborgar með aðstoð Innkaupaskrifstofu annars vegar og í gegnum Ríkiskaup hins vegar.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Friðþjófur Bergmann,

skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar